

**41. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu
38, 26. janúar 2021
og hófst hann kl. 14:15.**

Fundinn sátu:

Nancy Rut Helgadóttir (NRH), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Svanhildur Rós Guðmundsdóttir (SRG), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Birna F Hannesdóttir (BFH), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Starfsmannavefur Tálknafjarðarskóla - 2101540

Skólastjóri kynnti nýjan starfsmannavef Tálknafjarðarskóla.

Nefndin lýsir yfir ánægju með starfsmannavef Tálknafjarðarskóla og þá vinnu sem hefur verið lögð í hann.

Samþykkt

2. Heimasíða Tálknafjarðarskóla - 2101541

Skólastjóri gerði grein fyrir breytingum á heimasíðu Tálknafjarðarskóla sem nú er unnið að. Kom fram hjá skólastjóra að ef ábendingar eru um efnistösk og/eða uppsetningu síðunnar má endilega koma slíku á framfæri.

Nefndin lýsir yfir ánægju yfir þeirri vinnu sem er í gangi við heimasíðu Tálknafjarðarskóla.

Samþykkt

3. Ytra mat umbótaáætlun Grunnskólans lokaskýrsla og kynningarglærur. - 1803018

Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu dags. 02.06.2020 þar sem gert er grein fyrir því að upplýsingar um framkvæmd umbóta séu móttæknar.

Lagt fram.

4. Framkvæmdir vegna vatnstjóns í íþróttahúsi. - 2005065

Farið var yfir stöðu væntanlegra framkvæmda í íþróttahúsi og áhrif þeirra á skólastarf. Tilboð í verkið verða opnuð 27.01.2021 og gert er ráð fyrir því að verkinu verði lokið 01.06.2021.

Málið var kynnt og rætt.

5. Vatnstjón á bóksafni - 2101542

Farið var yfir stöðu mála vegna framkvæmda í bókasafni vegna vatnstjóna sem urðu í upphafi árs 2020.

Málið kynnt og rætt.

6. Upplýsingagjöf skólastjóra - 1906312

Skólastjóri fór yfir ýmis mál sem tengjast starfi Tálknafjarðarskóla.

Nefndin þakkar skólastjóra góða yfirferð.

Umræður urðu um ýmis mál í skólastarfinu svo sem breytingar á skipulagi leikskólans, þjónustu Mentor, þau áhrif sem viðbrögð við Covid-19 hafa haft á skólastarfið, ýmsa stoðþjónustu og lestur og mál sem tengjast lestrarkennslu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Svanhildur Rós
Guðmundsdóttir (SRG)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Birna F Hannedóttir (BFH)

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)
